

## Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun Menntavísindasvið Háskóli Íslands



Ritrynd grein birt 31. desember 2017

►► Yfirlit greina

Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir

# Hvernig er tekið á fræðslu um kynjajafnrétti í skólum?

## Athugun á viðhorfum, þekkingu og áhuga skólustjóra þriggja skólastiga

► Um höfunda ► Efnisorð

Hér er greint frá niðurstöðum spurningakönnunar á viðhorfum, þekkingu og áhuga skólustjóra í leik-, grunn-, og framhaldsskólum á kynjajafnrétti og fræðslu á því sviði. Sambærileg rannsókn meðal skólustjóra hefur ekki verið gerð. Spurningalisti var sendur rafrænt til allra skólustjóra leikskóla (n=78) og grunnskóla (n=43) í Reykjavík og til allra skólameistara (n=14) á höfuðborgarsvæðinu í janúar 2016. Svarhlutfall var 68%, eða 92 af þeim 135 sem svöruðu, en allmargir slepptu mörgum spurningum, m.a. bakgrunnsspurningum. Fimmtíu og níu þátttakendur svöruðu til um kyn. Af þeim voru 14 karlar og 45 konur. Fram kom mikill áhugi eða ákall mikils meirihluta skólustjóranna sem svara (86%) um aukna kynjajafnréttisfræðslu inn í skólana, fyrir nemendur, kennara og stjórnendur. Rúmlega helmingur skólustjóranna aðhyllist almennt það sjónarmið að það sé munur á kynjunum sem námsmönnum. Flestir telja muninn menningarbundinn en minni hópur (12%) telur að um eðlismun sé að ræða. Niðurstöðurnar sýna að tekið er á jafnréttismálum á ýmsan hátt í skólunum, að mati skólustjóra, bæði meðal nemenda og kennara. Flestir skólustjóranna nefna að algengast sé að fjalla um jafnréttismál í lífsleiknikennslu og samfélagsgreinum en einnig í samverustundum og daglegu samtali við nemendur. Af svörum skólustjóranna verður þó lítið ráðið um það hvert umfang þessara aðgerða er eða hversu markvissar þær eru enda telja þeir sjálfir að margt megi bæta á þessu sviði. Höfundar telja að þótt þekking skólustjóra á kynjafræðilegum grunnhugtökum sé að sumu leyti góð, þá sé ástæða til að óttast að hún sé ekki nægjanleg til að hreyfa við staðalmyndum kynjanna. Hverjar sem ástæðurnar eru er ljóst að skólustjórar á öllum skólastigum eru mjög áhugasamir um að fá fræðslu um kynjajafnrétti inn í skólana, með áherslu á að breyta hefðbundnum staðalmyndum og vinna gegn kynferðislegri áreitni, m.a. á samfélagsmiðlum. Mikilvægt er að fylgja þeim áhuga eftir.

► About the authors ► Key words

**How is education on gender equality implemented in schools? A study of the attitudes, knowledge and interests of school leaders in pre-, primary and upper secondary schools.**

This article reports on a research project by The Centre for Research on Equality, Gender and Education, at the University of Iceland, examining the attitudes, knowledge and interests of principals at three school levels concerning gender equality. Since 2008 equality issues have, by law, been a new subject of study in primary schools, and an optional subject in upper secondary schools. Moreover, since 2011 equality has been one of six pillars of education in the national curriculum guide for all school levels. This study is the third part of the Centre's research investigating

practices and resistances towards gender equality in teacher education and in schools. This study is among the first focusing on school leaders and gender equality issues in Iceland and possibly worldwide. The aim of this research was to investigate how gender issues are being dealt with in schools, as described by school leaders and to learn about their attitudes, knowledge and interest, regarding gender equality issues. An online questionnaire was sent to all leaders of pre-schools (N=78) and primary schools (N=43) in Reykjavik, Iceland and to all school leaders of upper secondary schools in the Reykjavik metropolitan area (N=14). The formal response rate was 68%, or 92 of 135 responded, but many questions were not answered including background questions which made detailed analysis difficult.

The findings suggest that gender equality is being dealt with in various ways in schools according to the school leaders, both among teachers and pupils. Equality weeks, equality days or formal equality plans are mentioned as well as lectures and developmental projects. Equality issues are not a special subject yet in primary schools, but are integrated into other subjects. It is, however, not clear how effective these measures are. Research suggests that while little is done in this field, other issues related to neo-liberalism are prioritized. Findings on attitudes to gender differences in students' interests and choices indicate that slightly more than half of the school leaders believe such gender differences exist, but only a small group of school leaders (12%) endorse essentialism. The remainder endorse social constructivism, which is in agreement with their hope and belief that change is possible. Fortunately the essentialists are a much smaller group than we found in earlier research among teacher education students (50%). Nevertheless, the gender issues these two groups see as most important are the same; that is, changing gender stereotypes, fighting gender violence, and gender related bullying or harassment on social media. Even if the principals believe they have sound knowledge of some gender related concepts like *equality* (100%) and *masculinity* (93%), there is reason to fear that their knowledge of other equality-related concepts is not good enough to change gender stereotypes. The concept gender is considered well known by 50% of those that answered, *essentialism* by 47%, and *gender system* by only 28%. The definitions given by the principals suggest that the proportion of those who know the concepts well is even lower. Moreover, among principals, findings show considerable interest in, or even insistence upon, increased education relating to gender issues in schools. In particular they are interested in changing gender stereotypes and responding to young people's complaints about sexual harassment, especially in social media. Thee school leaders are interested in the use of a Nordic website on gender issues in education; 68% say they will use it monthly or more often and only 5% state that they are not interested. Despite avowed interest in increasing gender education in schools and changing traditional gender stereotypes, as well as demonstrating a formally acceptable response rate, school leaders received the questionnaire with reluctance, and did not show interest in focus group interviews. This gives rise to various questions: Are the school leaders possibly preoccupied with bureaucratic chores because of the impact of NPM (New Public Management) at the expense of the core activities of teaching and learning? Or is it conceivable that tasks, such as equality issues, are met with more resistance than others? We found no evidence that school leaders are ambivalent towards changing traditional gender roles, despite the inherent risks that students who oppose them might face harassment or mobbing by their peers. This is not surprising, giving the fact that the Icelandic society has been evaluated as number one on gender equality, for many recent years by the WEF. Whatever the reasons are for the reluctance to participate fully, it is obvious that school leaders at all school levels are very interested in receiving gender education with an emphasis on changing gender stereotypes and avoiding sexual harassment in their schools. It is important to follow up on the strong demand for more education on gender issues among school leaders at pre-, compulsory and upper secondary level. It is also important to explore the practices, resistance and attitudes of teachers concerning education on gender issues, in view of the findings of this study as well as the recent strong #metoo movement in Iceland as elsewhere.

## Inngangur

Skólar eru margbrotnar stofnanir og verkefni mörg. Á síðustu tveim áratugum hefur skólastarf breyst mikið, svo sem með stefnu um skóla fyrir alla og nýjum áherslum í lögum, námskrám og kjarasamningum kennara. Hlutverk skólastjóra er því fjölpætt og ábyrgð þeirra mikil. Umhverfi nútímaskóla er auk þess síbreytilegt. Þetta endurspeglast með skýrum hætti í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) sem kveður á um að skólastarf skuli vera í sífelldri mótun í samræmi við nýja þekkingu og breyttar þjóðfélagsaðstæður. Jafnrétti er einn af sex grunnþáttum menntunar í sameiginlegri aðalnámskrá þriggja skólastiga sem skólum er gert að hafa að leiðarljósi í námskrárgerð. Hver um sig eru grunnþættirnir sex viðamikil viðfangsefni sem gera má ráð fyrir að vinna þurfi að í áföngum. Þó skal minnt á að jafnréttisfræðsla í skólum hefur verið lögbundin allt frá 1976 með fyrstu jafnréttislögunum.

Sterk staða jafnréttismála á Íslandi endurspeglast m. a. í því að níu ár í röð hefur Ísland verið efst á lista Alþjóðaeftahagsráðsins hvað varðar kynjajafnrétti (World Economic Forum, 2017). Ekki er þó allt sem sýnist og ljóst er að lögin ein og sér tryggja ekki jafnrétti í raun. Enn er launamisrétti á Íslandi, konur hafa mun minni áhrif og völd en karlar, kynferðisofbeldi og kynferðisleg áreitni er mun meira en áður hefur verið talið og ljóst er að um þetta þarf að fjalla í skólum (Jafnréttisstofa, 2017; World Economic Forum, 2017). Af þessu má ljóst vera að þótt góð jafnréttislög séu mikilvæg forsenda jafnréttis, þá hafa aðrir þættir, svo sem stefnur og straumar í skólumálum og pólitískar áherslur í þjóðfélaginu, mikið að segja um það að hve miklu leyti jafnrétti ríkir í raun.

Á Norðurlöndum og víðar hefur stefnumörkun í menntamálum í anda nýfrjálsbyggju verið áberandi í upphafi nýrrar aldar. Misrétti hefur vaxið og samfélagið orðið ólýðræðislegra, námsárangur hefur dalað og aukin áhersla verið lögð á samkeppni, árangur og skilvirkni (Lundahl, Arreman, Holm og Lundström, 2013; Lundahl og Olson, 2013). Á Íslandi voru áhrif nýfrjálsbyggju orðin áberandi fyrir síðustu aldamót, og þá fyrst og fremst tengd fjármálum og viðskiptum en fljótlega einnig menntun og skólastarfi (Berglind Rós Magnúsdóttir og Kristín Dýrfjörð, 2016; Børhaug og Lotsberg, 2010; Bockman, 2013).

Hvað sem líður þjóðfélagsstraumum og pólitískum áherslum, þá hefur lögformleg staða jafnréttis á Íslandi lengi verið sterk. Jafnréttislög hafa verið í gildi hér frá árinu 1976. Nýjustu lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla tóku gildi árið 2008 (nr. 10/2008). Í 23. grein laganna er kveðið á um að nemendur á öllum skólastigum skuli hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skuli lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu.

Lagalegur réttur nemenda til menntunar um jafnréttismál hefur jafnframt styrkst enn frekar á síðasta áratug. Árið 2008 voru samþykkt ný lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; Lög um grunnskóla nr. 91/2008; Lög um grunnskóla nr. 90/2008). Þá kom það nýmæli inn í grunnskólalögin að jafnréttismál eru nefnd í 25. grein. Þar eru jafnréttismál talin upp með öðrum námsgreinum, auk greina eins og samfélagsgreina og lífsleikni.

Í aðalnámskrá skal setja ákvæði um inntak og skipulag náms í íslensku, íslensku sem öðru tungumáli eða íslensku táknmáli, stærðfræði, ensku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, list- og verkgreinum, náttúrugreinum, skólaípróttum, samfélagsgreinum, jafnréttismálum, trúarbragðafræði, lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Ljóst er því að jafnrétti er orðið sterkari grunnþáttur í menntastefnunni en áður var. Samkvæmt túlkun Menntamálaráðuneytisins eru jafnréttismál nú bæði námsgrein í grunnskólum og grunnþáttur á öllum skólastigum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Í þessari grein er fjallað um þriðju rannsóknina á vegum RannKyn á stöðu kynjajafnréttis í skólum. Að þessu sinni er athyglinni beint að skólastjórum í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Markmiðið er að kanna viðhorf skólastjóra, þekkingu, áhuga og áherslur á kynjajafnrétti í störfum þeirra. Viðhorf þeirra, þekking og áhugi á efninu er mjög líklega mikilvæg forsenda fyrir eflingu kynjajafnréttis í skólum. Svör þeirra segja enn fremur til um afstöðu þeirra til þess að kynjajafnréttismál verði könnuð meðal kennara í skólum þeirra. Við greiningu gagna verður m. a. stuðst við hugtökin eðlishyggju, mótunarhyggju og nýfrjálsbyggju. Engin sambærileg rannsókn á afstöðu skólastjóra til kynjajafnréttismála hér á landi eða erlendis liggur fyrir, svo vitað sé.

## Fyrri rannsóknir RannKyn á kynjafnrétti í kennaramenntun

Á árunum 2012–2016 voru gerðar tvær rannsóknir á vegum rannsóknarstofunnar RannKyn til að kanna stöðu kynjafnréttisfræðslu í kennaramenntuninni við Menntavísindasvið H.Í.

Í fyrri rannsókninni var kannað hvernig tekið er á jafnréttisfræðslu í menntun kennara og annarra fagstétta á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Niðurstöður hennar benda til þess að kennarar á Menntavísindasviði skilji hugtakið jafnrétti viðum skilningi, það er með hliðsjón af margvíslegum mismunarbreytum, svo sem kynþætti, litarhætti o.fl. Kennararnir virðast einnig hafa tilhneigingu til að leiða kynjafnrétti hjá sér eða sýna því andstöðu. Í máli kennara kom eigi að síður fram að þeir hafa áhyggjur af því að fordóma, staðalmynda um kynin og ótta við samkynhneigð verði vart bæði í skólum og í kennaramenntuninni. Sumir kennarar lýstu yfir áhuga á því að kynjafnrétti yrði gerð betri skil í kennaramenntun. Með vísan í niðurstöður bentu höfundar á mikilvægi þess að skapa rými fyrir jafnréttisfræðslu í kennaranámi. Jafnframt þyrfti að gera átak til að brúa bilið milli áherslna í kennaramenntun, lagaákvæða um kynjafnrétti og kynjafræðilegra rannsókna (Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2012).

Í síðari rannsókninni voru könnuð viðhorf, þekking og áhugi kennaranema við Menntavísindasvið á jafnréttismálum með áherslu á kynjafnrétti. Þar kom fram að um 75% kennaranema telja að það sé munur á strákum og stelpum sem námsmönnum. Þar af telur um fjórðungur að ástæðurnar séu menningarlegar en um helmingur kennaranemanna telur að svo sé vegna mismunandi eðlis og kynin þurfi því mismunandi kennsluáferðir. Loks töldu 87% kennaranema að auka þyrfti fræðslu um kynjafnrétti í náminu. Til samanburðar komust Younger og Warrington (2008) að því að 12–25 % (mismunandi eftir spurningum) nýútskrifaðra kennaranema í grunnskólum í Englandi aðhylltust eðlishyggjusjónarmið sem eru talin afturhaldssöm og ekki líkleg til að breyta stöðu kynjanna eða annarra minnihlutahópa (Weaver-Hightower, 2003). Nemarnir sögðust hafa mikinn áhuga á að breyta staðalmyndum kynjanna. Þetta kann þó að reynast mörgum þeirra erfitt vegna hefðbundinna eðlishyggjuviðhorfa og takmarkaðrar þekkingar þeirra á fræðilegri hlið þessara mála. Höfundar telja að niðurstöður rannsóknarinnar séu skýrt ákall um að komið sé til móts við mikinn áhuga kennaranema á kynjafnréttisfræðslu, meðal annars til þess að bæta þekkingu þeirra og þróa viðhorf (Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2016).

## Skólastjórar og kynjafnrétti í skólum á tímum nýfrjálshyggju

Á árunum 2008–2011, þegar ný jafnréttislög, ný lög um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og ný aðalnámskrá komu út, voru áhrif nýfrjálshyggju á öllum sviðum samfélagsins orðin áberandi. Markaðsorðræða nýfrjálshyggju um skilvirkni, samkeppni og árangur var þegar orðin hávær fyrir aldamótin á Íslandi eins og víðar á Vesturlöndum en náði nýjum hæðum á fyrsta áratug þessarar aldar (Bottery, 1998; Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2004; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001; Gunnar Finnbogason, 1996; Páll Skúlason, 2008; Steinunn Helga Lárusdóttir, 2014). Framan af tengdist nýfrjálshyggja fyrst og fremst fjármálum og viðskiptum en fljótlega einnig menntun og skólastarfi með aukinni einkavæðingu á sviðum sem áður voru á hendi hins opinbera, svo sem skólum og heilbrigðisstofnunum (Berglind Rós Magnúsdóttir og Kristín Dýrfjörð, 2016; Börhaug og Lotsberg, 2010). Markaðsorðræðunni hefur m.a. fylgt aukin áhersla á mat á skólastarfi og eftirlit með því, þrepaskipt markmiðssetning, ítarlegar fjárhags-, starfs- og umbótaáætlanir af ýmsu tagi, erlendar samanburðarkannanir og rafræn upplýsingamiðlun (Börhaug, 2013; Codd, 2005; Court, 2004; Fitzgerald, Youngs og Grootenboer, P. 2003; Steinunn H. Lárusdóttir, 2014).

Kynjafnrétti er háð pólitískum vilja til að axla þá samfélagslegu ábyrgð að tryggja jafnrétti allra þegna, óháð kyni (Ólafur Páll Jónsson, 2009). Í skólum er það fyrst og fremst skólastjórinn sem ber ábyrgð á því að starfið sé í samræmi við lög. Hann hefur það hlutverk að vera faglegur leiðtogi og móta og leiða skólastarfið (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008, 7. gr.). Skólastjórinn þarf því að hafa skýra sýn á það að hverju skuli stefnt með skólastarfinu og á eigin áherslur og forgangsröð (Börkur Hansen og Steinunn H. Lárusdóttir, 2015).

Starfshættir skólastjóra við íslenska grunnskóla síðasta aldarfjórðung hafa talsvert verið rannsakaðir. Forgangsröðun verkefna hefur t.a.m. verið könnuð þrisvar sinnum meðal skólastjóra í grunnskólum með spurningalistakönnunum (Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2008).

Þær hafa meðal annars veitt innsýn í störf skólastjóra, einkum það hvernig skólastjórar í grunnskólum verja tíma sínum og hvernig þeir vildu verja honum. Gerðar voru spurningalistakannanir 1991, 2001, 2006 og 2017. Öll árin segjast skólastjórar verja mestum tíma í verkefni sem snúa að fjármálum, rekstri og skrifstofuhaldi en vildu helst verja tíma sínum í verkefni tengd þróun námskrár, kennsluháttum, kennsluskipulagi, námsefni og viðlíka verkþáttum. Þetta má líta á sem vísbendingu um að fagleg málefni séu ekki í forgrunni í viðfangsefnum skólastjóra í jafnmiklum mæli og þeir sjálfir helst kysu og gert er ráð fyrir í lögum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Nýleg rannsókn sýndi sambærilegar niðurstöður, það er, að skólastjórar grunnskóla sinntu frekar fjármálum og rekstri en faglegri forystu (Trausti Þorsteinsson og Amalía Björnsdóttir, 2016). Framangreindar rannsóknir benda til þess að á þeim árum sem orðræða markaðar og nýfrjálshyggju reis hæst hafi skólastjórar grunnskóla í vaxandi mæli beint kröftum sínum að rekstrarþáttum fremur en innra starfi. Í slíku starfsumhverfi getur reynst erfitt að sinna þróunarstarfi í skólum, hvort sem það er sjálfsprottið innan skóla eða vegna krafna frá yfirvöldum menntamála.

## Stefna og þróun í kynjajafnréttisfræðum

Kynjajafnrétti hefur víða verið hluti af stefnumörkun stjórnvalda í allmörg ár, hvort sem er í einstökum löndum eða á vegum alþjóðasamfélagsins, eins og t.d. Evrópusambandsins. Með jafnréttislögunum frá 2008 var lögfest sú stefna á Íslandi sem hefur verið ráðandi á vegum Evrópusambandsins allt frá 1995, nefnilega að samþætta kynjajafnrétti og pólitíska stefnu á sem flestum sviðum, m.a. í skólum (Pollack og Hafner-Burton, 2000). Þetta hefur þýtt að forsvarsmönnum ýmissa stofnana, svo sem skóla, hefur verið boðið upp á námskeið um kynjasambættingu, stundum í andstöðu við viðkomandi stjórnendur. Þessari fræðslu hefur stundum verið mætt með fálæti eða andstöðu, sem nú er farið að skoða fræðilega (Lombardo og Mergaert, 2013). Andstaðan getur bæði beinst gegn stofnanabreytingum almennt (e. *organizational change*) og einstaklingum, beint og óbeint, og oft er um kynbundið atferli að ræða. Algengasta birtingarform andstöðunnar er afneitun á þörf fyrir meira kynjajafnrétti, eða afneitun á ábyrgð á því. Annað birtingarform er að efast um trúverðugleika þess sem leiðbeinir, að vilja ekki læra eitthvað af „femínistum“. Þessi andstaða birtist með ýmsum hætti, til dæmis með því að mæta ekki á tiltekna viðburði eða fræðslu um málið eða vera annars hugar að skoða símann sinn á meðan (Agócs, 1997). Stundum er talið að þessi andstaða stafi af því að viðkomandi stjórnendum finnst þeir ekki hafa þá þekkingu, tíma eða önnur úrræði sem þarf til, frekar en að þeir séu á móti kynjasambættingu sem slíkri (Lombardo og Mergaert, 2013).

Viðfangsefnið jafnrétti í skólastarfi hefur verið höfundum hugleikið lengi. Í grein frá 1990 var fyrra höfundur efst í huga hver stefnan væri í jafnréttismálum og hvernig það væri best tryggt að bæði kyn fengju undirbúning fyrir atvinnulífið, einkalífið og að vera borgarar í lýðræðisþjóðfélagi eins og grunnskólalögin kveða á um. Árið 1994 fjallaði sami höfundur um breytt kynhlutverk og svokallaða „androgyn“ einstaklinga sem einkenndust af því besta sem þótti einkenna hefðbundinn kvenleika og hefðbundna karlmennsku þess tíma. Þeir einstaklingar, óháð kyni, þóttu sýna mestu aðlögunarhæfni fyrir öll hlutverkin (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007, bls. 43 og 93).

Frá árinu 1990 eða 1994 hefur orðið mikil þróun í kynjafræðum. Í stað hugtaksins „androgyn“ er nú fjallað meira um kyngervi eða félagslegt kyn (e. *gender*) og mismunandi tegundir kvenleika og karlmennsku (Butler, 1990; Connell, 1995; Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012; Paechter, 2007). Grundvallarmunur er á afstöðu þeirra sem aðhyllast eðlishyggju og mótunarhyggju. Eðlishyggjan gerir ráð fyrir því að eðli kvenna og karla sé að vera kvenlæg eða karllægur, og því sé það ekki breytanlegt. Samkvæmt mótunarhyggju er kyngervi aftur á móti talið áunnið og málið snýst um að taka á sig sérstakt gervi, kyngervi, eftir kröfum og væntingum umhverfisins, menningarinnar eða skólans. Kyngervi birtist síðan í mismunandi tegundum karlmennsku og kvenleika, sem eru jafnvel óháðar kyni (Butler, 1990; Connell, 1995; Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011; Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2012; Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010)

Að mati höfunda er afar mikilvægt að starfsfólk skóla vinni gegn staðalmyndum kynjanna og átti sig á þeim grunnhugtökum sem skipta máli við að styðja margbreytilegt kyngervi nemenda óháð kyni. Einnig er mikilvægt að átta sig á hugtakinu kynjakerfi (e. *gender system/patriarchy*), það er að við búum í samfélagi þar sem hið karllæga virðist meira metið en hið kvenlæga og að

Það byggist m.a. á ósveigjanlegum hugmyndum um kynhlutverk (Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011; Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Kenningin um kynjakerfið snýst um kerfisbundin yfirráð karla yfir konum á mörgum sviðum þjóðfélagsins, eða á sviði launa, heimilisstarfa, menningar, kynhegðunar (e. *sexuality*), ofbeldis og ríkisins. Vandinn er mismunandi eftir öðrum mismununarbreytum en kyni (Walby, 1990, 2007). Því er nauðsynlegt í jafnréttisþjóðfélagi að setja upp kynjagleraugu, ekki síst í skólum, og setja spurningarmerki við ráðandi hugmyndir um karlmennsku, kvenleika og um kynjakerfið eða feðraveldið. Ekki er reyndar talað um ráðandi kvenleika í fræðunum eins og ráðandi karlmennsku (Connell, 1995; Connell og Messerschmidt, 2005) heldur er hugtakið styðjandi kvenleiki notað um kvenleika sem styður feðraveldið og svo mengandi kvenleiki um þá sem fara út fyrir hefðbundin mörk kvenleikans, hvort sem það er í formi kynhneigðar, hegðunar eða gilda (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012; Schippers, 2007).

Margir hafa bent á gjána á milli fræðilegra rannsókna á kynjajafnrétti í skólum og orðræðunnar um jafnrétti innan skóla. Skólaorðræðan endurspeglar oft á tíðum umræðu fjölmiðla með áherslu á eðlishyggju eða eðlislægan kynjamun og hefðbundnar hugmyndir um karlmennsku og kvenleika. Fræðilega orðræðan undirstrikar hins vegar áherslu á leiðir til að breyta eða afbyggja það félagslega mótaða kynjakerfi og kynbundnu staðalmyndir sem eru til staðar og samvirkin kyns við aðrar mismununarbreytur (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009; Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2012; Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2016; Lahelma, 2011; Weaver-Hightower, 2003; Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011).

Rannsóknir benda ótvírætt til þess að hugmyndir um karlmennsku og kvenleika meðal ungs fólks séu verulega að breytast bæði hér og á Norðurlöndum. Sú staðreynd styður menningarlega tilurð þessara hlutverka og sýnir jafnframt að það er flókið að tileinka sér hegðun gegn staðalmyndum kynjanna á samfélagssviðum þar sem staðalmyndir eru ráðandi, til dæmis á vinnumarkaði (Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason, 2017; Bloksgaard o.fl., 2015; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007).

Þó að kynjajafnréttisfræðsla hafi sögulega meira beinst að stúlkum en drengjum virðast nú æ fleiri leggja áherslu á mikilvægi hennar drengjanna vegna. Mikilvægt sé að skilja hvernig skólinn skapar, miðlar og takmarkar mismunandi karlmennskuhugmyndir og hvaða afleiðingar það hefur. Einnig verði fólk að skilja að áhersla á kynjajafnrétti í skólum sé mikilvæg til að rjúfa vítahring hefðbundinna karlmennskuímynda, eðlishyggju og kynbundins ofbeldis. Loks er talið mikilvægt að tengja umræðuna um breytta karlmennsku öðrum jafnréttisbreytum. Ýmsir lýsa áhyggjum af því hvernig eðlishyggju hefur vaxið fiskur um hrygg undir merkjum nýfrjálshyggjusinna. Einna hæst ber þar orðræðuna um frjálst val, t.d. í námi og störfum, þar sem gert er ráð fyrir að það sé skilvirkara að „velja rétt“ út frá eðlishyggjuhugmyndum um ólíka færni kynjanna, en slík afstaða er ekki líkleg til breytinga á kynskiptum vinnumarkaði (Bhana og Moosa, 2016; Crompton og Lyonette, 2005; Ratale, 2015; Weaver-Hightower, 2003; Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011).

Um skeið hefur verið í gangi mjög athyglisverð umræða á Íslandi og víðar, ekki síst á samfélagsmiðlum, þar sem ungt fólk, aðallega konur, hefur andmælt hlutgervingu á líkama konunnar og kynferðislegu ofbeldi. Þær telja samfélagið illa í stakk búið til að takast á við ýmis ofbeldismál. Druslugangan er nú árlegur íslenskur viðburður; íslenska brjóstabyltingin (Free the nipple) hófst á Twitter í boði femínistafélags Verzlunarskólans; lokuð síða á Facebook (Beauty tips) og síðast en ekki síst vinningsatriði Skrekks, hæfileikakeppni grunnskólanna í Reykjavík 2015, fjölluðu um kynferðislegt ofbeldi (Velferðarráðuneytið, 2015). Við má bæta nýlegum atburðum eins og örlögum Birnu Brjánsdóttur, hærri tíðni hópnauðgana á landinu skv. ársskýrslu Stígamóta frá 2016, og nú allra síðast alþjóðlegu #MeToo hreyfingunni sem á Íslandi kallast í skugga valdsins #metoo #höfumhátt. Spyrja má hvort skólar séu í stakk búnir til að takast á við slíka umræðu með nemendum, sem vissulega ætti að flokka sem kynjajafnréttisfræðslu og fræðslu um kynbundið einelti (Rawlings, 2017).

Þó að mjög margir vilji breyta hefðbundnum staðalmyndum kynjanna, þá benda rannsóknir til þess að sérstaklega á unglingsárum komi jafnframt fram ákveðin andstaða við það. Bent er á að ef vikið er frá hegðun félaganna og hegðunin er í andstöðu við hefðbundnar staðalmyndir geti það skapað hættu á útilokun og einelti (Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2008; Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011; Mulvey og Killan, 2015). Í þessari grein verður m.a. athugað hvort íslenskir skólastjórar hafi efasemdir um réttmæti þess að breyta staðalmyndum kynjanna, í samfélagi þar sem jafnrétti kynjanna er með því mesta í heimi.

## Rannsóknin

### Markmið

Helstu rannsóknarspurningar þessa þriðja hluta rannsóknarinnar eru:

- Hvernig er tekið á kynjajafnréttismálum í skólum að mati skólastjóra í leik-, grunn-, og framhaldsskólum?
- Hver eru viðhorf skólastjóra á þrem skólastigum til staðalmynda kynjanna, kynjajafnréttis í skólum og til kynjanna sem námsmanna í ljósi eðlishyggu og mótunarhyggju?
- Hversu vel telja skólastjórar þriggja skólastiga sig þekkja valin lykilhugtök um kynjajafnréttismál?
- Hve áhugasamir eru skólastjórar um að fá fræðslu um kynjajafnréttismál í skóla sína og hvaða efnisatriði telja þeir mikilvægust í því sambandi?

### Aðferð

Í þessari rannsókn, sem beinist að viðhorfi, þekkingu og áhuga skólastjóra á kynjajafnrétti, var notuð megindleg aðferð. Gagna var aflað með rafrænni spurningakönnun, sem þótti henta vel til að fá svör við rannsóknarspurningunum með sambærilegum hætti og gert var í fyrri könnun RannKyn frá 2016, sjá hér á eftir. Hugmyndin var reyndar að bæta við rýnihópaviðtölum, sem því miður varð ekki af.

### Spurningalistinn

Spurningalistinn var byggður á lista úr sambærilegri athugun meðal kennaranema á Menntavísindasviði HÍ (Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2016). Þetta gaf möguleika á því að bera saman niðurstöður um kennaranema og skólastjóra þriggja skólastiga í tilteknum atriðum. Spurningalistanum var þó breytt með hliðsjón af ólíkum svarendum og rannsóknarspurningum. Endanlegi listinn var alls 33 spurningar, sex um jafnréttisáherslur í skólastarfi, tíu um þekkingu og skilgreiningar á fimm kynjafræðilegum hugtökum, fjórar um áhuga á fræðslu um kynjajafnréttismál, tvær um notkun á sérstakri vefsíðu um jafnréttismál, þrjár um viðhorf til kynjajafnréttismála, fimm bakgrunnsspurningar um aldur, kyn, starf og menntun, og að lokum var ein spurning um efni spurningalistans og tvær um það hvort skólastjórar væru hlyntir því að sambærileg könnun, eða hópviðtöl, væri gerð meðal kennara/leiðbeinenda í skólum þeirra.

Kynjafræðilegu hugtökin sem spurt var um voru valin með hliðsjón af áður nefndri rannsókn. Æskilegt þótti þó að fækka hugtökunum, notuð voru þau sem þykja skipta mestu máli, og eitt nýtt kom inn, eðlishygga.

### Þátttakendur, svörun og framkvæmd

Spurningalistinn var sendur rafrænt til allra skólastjóra leikskóla (n=78) og grunnskóla (n=43) í Reykjavík og framhaldsskóla (n=14) á höfuðborgarsvæðinu í janúar 2016. Vegna fæðar framhaldsskóla var leitað til skólastjóra þeirra á öllu höfuðborgarsvæðinu. Heildarstærð þýðisins var 135 skólastjórar (N=135).

Svörun var dræmari en við var búist meðal skólastjóra. Spurningalistinn var sendur aftur út þann 26. febrúar með ítrekun. Tvær áminningar um könnunina voru sendar út þann 11. maí og aftur þann 24. maí. Þann 19. apríl var könnunin send út í síðasta skipti á alla skólastjórnum. Eftir ítrekanir urðu þátttakendur 92, þar af 73 konur og 19 karlar. Karlarnir 19 voru sjö skólameistarar framhaldsskóla, 11 skólastjórar grunnskóla og einn leikskólastjóri. Svarhlutfallið telst vera 68%, en af þessum 92 voru 30 manns sem hættu áður en komið var að bakgrunnsspurningunum sem voru aftast í spurningalistanum, þar af voru 10 sem svöruðu nær engum spurningum. Tekið var skýrt fram, samkvæmt aðferðafræðilegri venju, að þátttakendur þyrftu ekki að svara öllum spurningunum. Svörun við einstökum spurningum var á bilinu 36–61% af heildarúrtaki (N=135), 53–67% af þeim sem tóku þátt í könnuninni (N=92), en 79–100% af þeim sem kláruðu könnunina

(N=62). Þessi takmarkaða svörun gerði það ekki merkingarbært að greina svörin nánar en gert er eftir kyni eða skólastigum.

Fimmtíu og níu þátttakendur svöruðu til um kyn. Af þeim voru 14 karlar (24%) og 45 konur (76%). Sextíu og einn þátttakandi (66%) svaraði til um aldur. Flestir þátttakendur voru 51 árs eða eldri (75%). Tíu þátttakendur voru á aldrinum 41–50 ára (16%), en fámennasti hópurinn var á aldrinum 31–40 ára (8%). Af 78 leikskólastjórum tóku 55 þátt í könnuninni (71%). Tuttugu og sex grunnskólastjórar svöruðu spurningalistanum af þeim 43 sem fengu hann sendan (60%) og af 14 skólameisturum framhaldsskóla tóku tíu þátt (71%). Einn þátttakandi svaraði ekki til um hvaða skólastigi hans skóli tilheyrði. Þátttaka er því lökust meðal grunnskólastjóra.

Menntavísindastofnun sendi listann út rafrænt og sá um ítrekanir. Vorið 2016 var boðið upp á kynningu á niðurstöðum og rýnihópaviðtöl, en einungis mættu fulltrúar örfárra skóla, svo af þeim varð ekki. Sumir báru við annríki og slæmri tímasetningu en aðrir létu ekki vita. Rætt var um rannsóknina við þá fáu sem mættu, um leið og niðurstöður voru kynntar, en ekki var litið á viðstadda sem rýnihóp eða spjallið sem hópvíðtal. Allir þátttakendur voru látnir vita að niðurstöður yrðu kynntar á ráðstefnu Menntavísindasviðs, Menntakviku, haustið 2016.

## Greining gagna

Greining og úrvinnsla gagna var gerð í tölfræðiforritinu SPSS og myndvinnsla í Excel. Um þýðisúrtak skólastjórnenda var að ræða og lýsandi tölfræði var beitt á gögnin, samsetningu þátttakenda og svör þeirra. Ekki er um að ræða gagnasöfnun þar sem draga á ályktanir um aðra hópa út frá gögnunum, ályktunartölfræði átti því ekki við. Skipting þátttakenda í hópa, t.d. milli kynja, var ójöfn og svörun við spurningum var einnig ójöfn svo ekki var um sérstaka samanburðartölfræði að ræða heldur.

## Siðferðileg álitamál og annmarkar

Siðferðileg álitamál komu ekki upp við framkvæmd rannsóknarinnar, enda um netkönnun að ræða, og trúnaður varðandi allar persónulegar upplýsingar viðhafður. Ákveðið var að takmarka þýðið við Reykjavík eða höfuðborgarsvæðið, vegna hentugleika og af fjárhagslegum ástæðum, þar sem fyrirhugað var að kalla fólk í rýnihópaviðtöl. Þetta telst þó varla vera siðferðilegur annmarki.

Þó að 68% svörun teljist góð í svona könnun, þá telst svörun við einstökum spurningum vera fremur dræm, eða 53–67% af þeim sem svöruðu könnuninni. Fyrirhugað var að taka nokkur rýnihópaviðtöl, en af því varð ekki því ekki reyndist hægt að finna tíma fyrir viðunandi þátttöku í viðtölunum. Mælt var með nokkrum dagsetningum sem ekki gengu, sumir vildu alls ekki mæta um vorið heldur um haustið, en aðrir þveröfugt. Þá kom það nokkuð á óvart hve erfitt reyndist að fá viðunandi svörun við spurningalistanum í heild meðal stjórnenda, sem yfirleitt sýna góða svörun í könnunum.

Þetta eru ákveðnir annmarkar, en gögnin standa þó vel fyrir sínu og veita mjög fágætar upplýsingar um viðhorf, þekkingu og áhuga skólastjóra á þrem skólastigum á jafnréttismálum. Fleiri mögulegar ástæður fyrir því að þátttaka var ekki betri eru ræddar í umræðukafla.

## Niðurstöður

Hér verða niðurstöður úr spurningalistanum skoðaðar með áherslu á viðhorf, þekkingu, áhuga og áherslur í jafnréttiskennslu, með rannsóknarspurningarnar í huga.

## Viðhorf til kynjajafnréttis


Hver eru viðhorf þessara skólastjóra til kynjajafnréttis?

Fyrst var spurt um mikilvægi þess, að þeirra mati, að draga úr staðalmyndum kynjanna. Spurt var hversu sammála eða ósammála þátttakendur væru eftirfarandi fullyrðingu: „Mikilvægt er að draga úr kynbundnum staðalmyndum til að undirbúa nemendur betur fyrir framtíðina.“ Fram kom að 81% skólastjóranna sem svöruðu spurningunni (N=59) er mjög sammála mikilvægi þess að



draga úr staðalmyndum kynjanna, 19% frekar sammála, og engir ósammála.

Næst var skoðað hver viðhorf skólastjóra væru til kynjanna sem námsmanna í ljósi mótunarhyggju og eðlishyggju.



**Mynd 1. Hvað af eftirtöldu lýsir best þínu viðhorfi? Skólastjórar leik-, grunn- og framhaldsskóla (N=59). Þrjár svarmöguleikar (%).**


Á mynd 1 má sjá að tæplega helmingur svarenda (46%) telur að ekki sé munur á kynjunum sem námsmönnum, en rúmlega helmingur telur svo vera. Af þeim síðarnefndu, sem álíta kynjamun vera á nemendum, telja mun fleiri (42%) að kynjamunurinn sé tilkominn vegna menningarlegra áhrifa en vegna eðlismunar (12%).

Þá var spurt um viðhorf skólastjóranna til notkunar á hugsanlegri vefsíðu um kynjajafnréttismál.

Mynd 2. Hve oft telur þú að vefsíða (íslensk eða samnorræn) með upplýsinga- og fræðsluefni um jafnréttismenntun og kynjajafnrétti fyrir skóla yrði notuð af þér sem stjórnanda? (N=60). Hlutfallstölur svarenda fyrir svarmöguleikana fjóra.

Mynd 2 sýnir að um þetta eru skiptar skoðanir, en langflestir (60%) telja sig mundu nota slíka síðu frekar mikið eða a.m.k. mánaðarlega, en 27% frekar lítið, eða einu sinni til tvisvar á ári. Aðrir telja sig mundu nota slíka síðu mjög mikið eða a.m.k. vikulega (8%) eða sjaldan eða aldrei (5%).

Þá var spurt hvers konar efni skólastjórnendur vildu sjá á slíkri síðu:



**Mynd 3. Hvers konar efni vildir þú sjá á slíkri heimasíðu um kynjajafnréttismál? Fjöldi svara við hverjum valkosti. Merkja mátti við fleiri en einn valkost. (N=60)**

Flestir eða 54 merkja við viðeigandi fræðslu fyrir kennara og stjórnendur, en annars er dreifingin frekar jöfn á milli valkostanna sem í boði voru; námsefni fyrir nemendur (48), nýjar rannsóknargreinar um jafnréttismál (41), upplýsingar um staðreyndir í jafnréttismálum(39) og fæstir segja annað (5). Meðal þeirra atriða sem skólastjórar grunnskóla nefndu undir „annað“ var að gagnlegt væri að fá lista yfir sérfræðinga á slíka vefsíðu þar sem fjallað væri um jafnrétti frá mismunandi sjónarhornum.

## Viðhorf til jafnréttismála í skólum

Viðhorf voru einnig könnuð með opnum spurningum. Skólastjórar á skólastigunum þrem voru spurðir hvað þeir teldu mikilvægast í jafnréttismálum, hvað þeir teldu brýnast að bæta í sínum skólum og hver væru aðaláhyggjuefnin sem þyrfti að taka á í skólum. Hér eru nokkur dæmi um það helsta sem kom fram í svörum skólastjóranna af mismunandi skólastigum.

### *Hvað er mikilvægast í jafnréttismálum?*

Á leikskólastigi lögðu flestir skólastjórnarnir áherslu á að öll börn og foreldrar nyttu sömu réttinda. Jafnréttisáætlanir voru einnig nefndar sem mikilvæg tæki til að vinna að jafnrétti. Margir nefndu að hafa þyrfti sjónarmið kyngervis í huga við val á þeim bókum og leikföngum sem væru börnum aðgengileg í leikskólunum. Loks voru umræður um jafnrétti við bæði nemendur/börn og starfsfólk taldar mikilvægar og áréttað að gæta þyrfti að kynjuðu málfari við jafnt drengi og stúlkur.

Skólastjórar á grunnskólastigi voru sammála leikskólastjórum um að leggja bæri áherslu á að allar manneskjur eru jafnar, að virða þyrfti menningarlegan margbreytileika og sýna umburðarlyndi. Þeir töldu mikilvægt að vinna samkvæmt námskrá og að horfa á alla sex grunnþætti menntunar. Bent var á að mikilvægt væri að nota fjölmiðlaumræðu til að ræða um kynjajafnrétti og tengja hana við félagslíf skólanna.

Áhersluatriði skólameistara voru mörg hver hin sömu og hjá skólastjórum á yngri skólastigum. Þeir sögðust t.d. leggja áherslu á að allir væru jafnir og að mannréttindi og menningarlegur fjölbreytileiki væri virtur. Einnig töldu þeir víðsýni og umburðarlyndi mikilvæg áhersluatriði. Nefnt var að vinna þyrfti gegn staðalmyndum, vera nemendum góðar fyrirmyndir og gera ungt fólk meðvitaðra um áhrif miðla og hvers kyns áróðurs. Loks var nefnt að valnámskeið í kynjafræði sem kennt væri við skólann hefði ekki bara áhrif á þá nemendur sem veldu það heldur út í allt skólasamfélagið.

*Hvað vilja skólustjórar bæta varðandi jafnréttisfræðslu í skólum sínum?*

Svör leikskólustjóranna voru fjölbreytt og sneru ýmist að nemendum, starfsfólki eða báðum hópum. Einn leikskólustjóri nefndi að mikilvægt væri að auka sjálfsvirðingu stúlkna og leiðtoga-menntun. Annar taldi mikilvægt að hafa áhrif á samskipti barnanna á þann veg að auka virðingu drengja fyrir stúlkum. Einnig kom fram að auka þyrfti jafnréttisfræðslu fyrir alla í leikskólanum, kennara, annað starfsfólk og nemendur, og fá meira fræðsluefni um kynjajafnrétti fyrir leikskóla. Loks var bent á mikilvægi þess að útrýma staðalmyndum um kynin.

Svör skólustjóra við grunnskólana beindust að skólustarfinu í heild en einnig að bæði kennurum og nemendum sérstaklega. Varðandi starfið almennt var t.d. hvatt til þess að efla alla jafnréttisfræðslu, „að fá meiri feminisma í kennslustundirnar“, og varað við því að skipta jafnréttisfræðslu út fyrir kennslu um eitthvað annað. Loks var nefnt að styðja þyrfti sérstaklega við drengi þannig að þeir stæðu með sjálfum sér og samskiptafærni þeirra eflidist.

Í svörum skólameistara kom fram það sjónarmið að breikka þyrfti umræðuna frá kyngervi og kyni yfir á transfólk og möguleika minnihlutahópa almennt en einnig að bæta þyrfti „allt“, en þó sérstaklega hugsanagang bæði unga fólksins og þess gamla.

*Hver eru aðaláhyggjuefnin sem ætti að taka á í skólum?*


Meðal áhyggjuefna sem leikskólustjórar nefndu var hversu ókurteisir sumir einstaklingar væru og hve litla virðingu þeir sýndu í samskiptum. Margir grunnskólustjórar nefndu að kynferðisleg áreitni og klám færi vaxandi og einnig fordómar gegn múslimum, og að þetta væri mikið áhyggjuefni. Þeir sögðust einnig hafa áhyggjur af því hvernig sjálfsmyndir nemenda mótuðust af staðalmyndum. Loks var það talið áhyggjuefni hve lágt sjálfsmat stúlkna væri en einnig kröfur til drengjanna sem ekki samræmdust skólanum.

Á grunn- og framhaldsskólastigi kom fram að hefðbundnar staðalmyndir um kynin yllu áhyggjum og var sérstaklega nefnt hve stúlkur væru fastar í hefðbundnum staðalmyndum sem kynverur fyrir karla og fyrir neytlusamfélagið. Loks komu fram áhyggjur af ýktum skoðunum og viðhorfum til kynja og kynjajafnréttis.

Skólameistarar, líkt og grunnskólustjórar, lýstu yfir áhyggjum af klámi og og margvíslegum duldum skilaboðum á samfélagsmiðlum og frá ímyndarsmiðum. Einnig var minnst á þá kynjafordóma sem enn fundust en yrðu sennilega seint upprættir með öllu.

**Þekking á grunnhugtökum kynjajafnréttis**

Spurt var um þekkingu skólustjóra á öllum stigunum á nokkrum grunnhugtökum kynjafræða: jafnrétti, karlmennsku, kyngervi, eðlishyggju og kynjakerfi.



**Mynd 4.** Hversu vel eða illa þekkið þið eftirfarandi hugtök? Skólustjórar leik-, grunn-, og framhaldsskóla (N=62–74, eftir hugtökum).

Á mynd 4 kemur fram að skólastjórar telja almennt að þekking sín á hugtökunum jafnrétti og karlmennsku sé mjög góð. Allir, eða 100% skólastjóranna sem svöruðu, sögðust þekkja hugtakið jafnrétti mjög vel eða frekar vel, en 93% hugtakið karlmennsku. Síðarnefnda hugtakið segjast 6% þekkja frekar illa og 1% ekki eða mjög illa.

Skólastjórnir telja sig hins vegar þekkja síðarnefndu hugtökin þrjú á mynd 4, kyngervi, eðlishyggju og kynjakerfi, mun síður en hin. Aðeins helmingur svarenda telur sig þekkja hugtakið kyngervi vel, þar af 16% mjög vel og 34% frekar vel. Hinn helmingurinn telur sig þekkja hugtakið illa, þar af 44% frekar illa og 6% mjög illa. Tæpur helmingur telur sig þekkja hugtakið eðlishyggju vel, þar af 9% mjög vel og 38% frekar vel, en hinir telja sig þekkja hugtakið eðlishyggju illa, 34% frekar illa og 19% mjög illa. Fæstir töldu sig þekkja hugtakið kynjakerfi vel, eða 11% mjög vel, 17% frekar vel, en meirihlutinn taldi sig þekkja hugtakið kynjakerfi illa, 57% frekar illa og 15% mjög illa.

Aðeins þeir sem sögðust þekkja hugtökin mjög vel eða vel voru beðnir að setja fram stutta skilgreiningu á þeim.

Greining á skilgreiningum skólastjóranna á hugtakinu jafnrétti, sem allir skólastjórnir töldu sig þekkja mjög vel eða vel, sýnir að flestir telja þeir að jafnrétti snúist um að allir hafi jafnan rétt og jöfn tækifæri burtséð frá kyni, þjóðerni, trúarbrögðum, fötlun, trú eða efnahag. Nokkrir slepptu kyni í sinni skilgreiningu og aðrir einskorðuðu sig við kyn. Aðrar skilgreiningar voru með áherslu á að kynin væru álíka sýnileg, hefðu áþekk völd á hinum ýmsu sviðum og að ekki væri mismunað eftir kynferði.

Ef skilgreiningar skólastjóranna á hugtakinu karlmennsku eru skoðaðar, sem 93% svarenda töldu sig þekkja vel, er það talið notað yfir ýktar staðalmyndir af körlum, um aðila sem eru harðir af sér, sýna auðmýkt og hugrekki og um það að vera góður faðir. Einnig var nefnt að karlmennska væri það sem tilheyrði karlkyni og greindi menn frá konum. Þá var nefnt að karlmennska vísaði til hreysti, kjarks, krafts og öryggis og að gráta ekki. Þessi svör sýna að karlmennska er, að mati þátttakenda, alls konar, eins og sumir sögðu berum orðum.

Aðeins 50% svarenda töldu sig þekkja hugtakið kyngervi mjög eða frekar vel, en hinn helmingurinn frekar eða mjög illa. Skilgreiningar skólastjóra á kyngervi sem teljast viðurkenndar eru með áherslu á samfélagsleg og menningarbundin atriði sem samsömuð eru hinu líffræðilega kyni, hugmyndir samfélagsins um það hvernig einstaklingar af hvoru kyninu eigi að haga sér og birtingarmyndir hugmynda um kvenleika og karlmennsku í þjóðfélaginu.

Ljóst er hins vegar að þótt aðeins þeir sem töldu sig þekkja hugtökin vel væru beðnir um skilgreiningar, þá er skilningur margra þeirra á hugtakinu kyngervi mjög á reiki.

Sumir töldu að kyngervi væri það hvernig persóna upplifir kynhneigð sína eða hvoru kyninu einstaklingurinn tilheyrði. Aðrir nefndu að kyngervi vísaði til þess hvort manneskja upplifi sig sem karl- eða kvenkyns, það sem aðskilur konu og karl líffræðilega, eða það að vera kona, karl eða hýr.

Nokkuð færri eða 47% töldu sig þekkja hugtakið eðlishyggju mjög vel eða vel. Þessir svarendur virtust hafa góðan skilning á hugtakinu og nefndu t.d. að eðlishyggja vísaði til þeirrar afstöðu að fólk fæddist með ákveðna eiginleika sem réðu úrslitum um það hvort það teldist vera karl eða kona. Þetta réðist af genamenginu. Dæmi um hvað gæti talist eðlislægt körlum var t.d. að þeir væru harðir af sér en konurnar væru „góðar“, þetta væri í eðlinu og ekki hægt að breyta því.

Í hugum sumra var merkingin óljósari. Dæmi um óljósan skilning á hugtakinu er að telja að eðlishyggja segi til um það sem einstaklingi finnst vera sér eðlislægt og auðvelt eða að hafa gott inn-sæi eða jafnvel að hugtakið vísi til þess hæfileika að hugsa rökrétt og framkvæma hluti.

Enn færri, eða um 26%, töldu sig þekkja hugtakið kynjakerfi mjög vel eða vel. Margir í þeim hópi settu fram stuttar skilgreiningar á hugtakinu, svo sem að það vísaði til þess sem áður var kallað feðraveldi eða að það væri kerfi sem viðhélldi og ýtti undir mismunun á milli kynja þar sem karlar tækju meira pláss en konur og nytu forréttinda. Þessu tengt var það sjónarmið að eðlishyggja vísaði til þess þegar karlarnir á toppnum hefðu, eða teldu sig hafa, hag af því að hygla hver öðrum og að konurnar væru lægra settar. Aðrir misskildu hugtakið og skildu það svo að það næði yfir allt

sem talist gæti kvenkyns, þau viðmið sem samfélagið setti fyrir kynin eða að hugtaið geti nýst til að lýsa muninum á körlum og konum.


Eins og fram kemur í umræðukafla er það áhyggjuefni að þekking skólastjóra á sumum þessara lykilhugtaka virðist ekki vera meiri en raun ber vitni.

## Áhugi á kynjajafnréttisfræðslu

Skólastjórnir voru spurðir ítarlega út í áhuga þeirra á fræðslu um kynjajafnrétti, bæði almennt og sérstaklega um þau mál sem brenna á ungu fólki.

Ein spurningin var hversu mikinn eða lítinn áhuga viðkomandi hefði á því að fá sérstaka fræðslu um kynjajafnrétti og stöðu og samskipti drengja og stúlkna í sinn skóla. Alls svöruðu 65 skólastjórnir. Langflestir þeirra sögðust hafa mjög mikinn (24) eða frekar mikinn (32) áhuga á að fá slíka fræðslu um kynjajafnrétti í sinn skóla (86%), en aðrir, eða 14%, hafa frekar lítinn (8) eða mjög lítinn áhuga (1).

Næst var spurt um áhuga eða þörf fyrir að skólinn taki sérstaklega á kynferðisofbeldi á samskiptamiðlum, sbr. mynd 5.



**Mynd 5. Finnst þér þörf á að skólinn taki sérstaklega á kynferðisofbeldi í samskiptamiðlum og skyldum málum? Skólastjórnir þriggja skólastiga (N=58).**

Því er svarað játandi af góðum meirihluta skólastjóra í grunn- og framhaldsskólum, en tæplega helmingur leikskólastjóra segir já. Aðrir segja nei eða vita ekki, samanber mynd 5.

Þegar spurt var hvaða þættir á sviði kynjajafnréttis þættu mikilvægastir og skólastjórnir beðnir um að forgangsraða þeim fyrir sitt starf kemur eftirfarandi í ljós, sbr. mynd 6.

Hvernig er tekið á fræðslu um kynjajafnrétti í skólum?




**Mynd 6. Veldu fjóra af eftirfarandi efnispáttum og forgangsráðaðu miðað við mat þitt á mikilvægi þeirra í þínu starfi. Myndin sýnir vegin stig (N=59).**

Gefnir voru nokkrir valkostir, en ekki í þeirri röð sem birtist á mynd 6, sem sýnir mikilvægisröðina samkvæmt niðurstöðum. Það sem talið var mikilvægast fékk fjögur stig, næstmikilvægast þrjú stig, þriðja mikilvægast tvö stig og það sem var valið fjórða mikilvægast fékk eitt stig. Þættir voru síðan margfaldaðir upp eftir því hversu oft þeir lentu í fyrrgreindum flokkum.

Á mynd 6 má sjá þættina, ráðað í röð eftir því hversu mörg stig þeir fengu. Kynbundnar staðalmyndir fengu flest stig (137) frá þátttakendum og er á heildina litið mikilvægasti þátturinn í þeirra huga. Kyn og margbreytileiki kemur í annað sæti (91 stig), kynbundið ofbeldi í það þriðja (82 stig) og samskiptamiðlar og samskipti kynjanna lentu í fjórða sæti (69 stig). Mun færri forgangsráða öðrum þáttum í fyrstu fjögur sætin, eins og t.d. kynbundnu náms- og starfsvali, kynhneigð eða klámi.

Þá var spurt hvort þeir sem skólastjórar væru byrjaðir að taka markvisst á jafnréttisfræðslu vegna kvartana ungs fólks um kynferðisofbeldi í sínum skólum.



**Mynd 7. Er verið að taka markvisst á þessum málum (jafnréttisfræðslu vegna kvartana um kynferðisofbeldi) í þínum skóla? Skólastjórar þriggja skólastiga (N=58).**

Á mynd 7 kemur fram að verið er að vinna markvisst að slíkri fræðslu á öllum skólastigum, þó ekki innan allra skóla. Innan framhaldsskólanna og grunnskólanna er slík virkni í 50–60% skólanna að mati skólastjóra en í rúmum 30% leikskóla.

## Viðfangsefni og áherslur í jafnréttiskennslu

Skólastjórnendur voru beðnir að nefna dæmi um það hvernig unnið væri að jafnréttismálum í skólunum. Stjórnendur á öllum þrem skólastigunum nefndu slík dæmi, sem snúa bæði að nemendum og starfsfólki.

### Leikskólastjórar

Margir nefndu að unnið væri með jafnréttið í samverustundum með börnunum, hvort sem væri við matarborðið, í samræðum við börnin eða í leik úti eða inni. Einnig þegar lesið væri, sungið og spjallað, t.d. í hlutverkaleikjum. Leikskólastjórnir nefndu einnig mörg dæmi um hvernig tekið væri á jafnréttismálum í starfsmannahópnum og hvernig þeir sjálfir leitast við að efla sig á skipulagsdögum, deildarfundum, starfsmannafundum og dagsdaglega. Starfsmenn leiti að fræðsluefni og ræði saman um hvernig þeir eigi að takast á við það sem þeir heyra hjá börnunum. Þá voru jafnréttisáætlanir nefndar og þróunarverkefni um jöfn tækifæri stráka og stelpna til náms.

### Grunnskólastjórar


Margir skólastjórar grunnskóla nefndu að unnið væri með jafnrétti í lífsleiknikennslu, í samfélagsfræði og á bekkjarfundum, en enginn nefndi sérstaka grein um jafnréttismál. Þá var nefnt að fá fyrirlesara fyrir eldri börnin, og talað um þemabundna kennslu. Í einum skóla voru bekkjarfundir í hverri viku um jafnréttismál og í öðrum er valgrein á unglingsstigi um kynjafræði. Skólastjórnir nefndu einnig dæmi um það hvernig starfsmannahópurinn væri studdur eða starfsmenn hvattir á sviði jafnréttismála. Fræðslufundir væru haldnir fyrir starfsmenn og kennara á vinnutíma, unnið væri samkvæmt jafnréttisáætlun og allir starfsmenn ættu að nýta þau tækifæri sem gæfust í daglegu starfi.

### Skólameistarar framhaldsskóla

Nefnt var að umræðan í starfsmannahópnum væri mjög virk og nemendur af þeim sökum einnig vel upplýstir um jafnréttismál. Þá væri unnið eftir jafnréttisáætlun í skólanum, haldin væri árleg jafnréttisvika eða jafnréttisdagar sem allir tækju þátt í. Fram kom að tekið væri á jafnréttismálum í flestum þáttum skólastarfsins, í fjölmörgum námsgreinum, í kynjafræði, leiðtogaþjálfun og víðar, svo og á fundum stjórnenda og nemenda.

Af svörum skólastjóranna má ætla að tekið sé á jafnréttismálum á ýmsan hátt í skólunum, bæði meðal nemenda og kennara. Lítið verður þó ráðið af þessum svörum við opnum spurningum um það hversu markvissar þessar aðgerðir eru og hvort t.d. jafnréttisáætlunum er fylgt eftir í raun.

Að lokum var spurt hvort þátttakendur teldu að það þyrfti að undirbúa stjórnendur og kennara sérstaklega fyrir umfjöllun um áreitni og kynferðisofbeldi.



**Mynd 8. Þarf að undirbúa stjórnendur og kennara sérstaklega fyrir umfjöllun um áreitni og kynferðisofbeldi? Skólastjórar þriggja skólastiga (N=60).**

Þar eru svörin mjög skýr, sbr. mynd 8. Mikill meirihluti skólastjóra allra skólastiga segir að það þurfi fræðslu eða sérstaka umfjöllun um þessi mál, fyrir stjórnendur og kennara. Allir grunnskólastjórar taka undir þetta.

## Samantekt og umræða

Hér hefur verið greint frá rannsókn á viðhorfum, þekkingu áhuga og fræðslu skólastjóra á þrem skólastigum höfuðborgarsvæðisins á kynjajafnrétti. Þessi rannsókn er sú fyrsta sem okkur vitanlega er til um þetta efni. Hér verða niðurstöður dregnar saman og ræddar með rannsóknarspurningarnar í brennidepli.

Fyrsta rannsóknarspurningin var hvernig væri tekið á jafnréttismálum í skólunum. Niðurstöðurnar sýna að þetta er gert á ýmsan hátt að mati skólastjóra, bæði meðal nemenda og kennara. Algengast virðist vera að fjallað sé um jafnréttismál í lífsleiknikennslu og samfélagsgreinum en einnig í samverustundum og daglegu samtali við nemendur. Einnig voru nefndir sérstakir jafnréttisdagar, skipulagsdagar, fyrirlestrar um jafnréttismál, þróunarverkefni, valgrein um jafnrétti og fræðslufundir fyrir starfsmenn.

Af svörunum verður þó lítið ráðið um umfang þessara aðgerða eða hversu markvissar þær eru. Jafnréttisáætlun eða fræðslufundir um jafnréttismál sem ekki er fylgt eftir þjóna til dæmis takmörkuðum tilgangi. Samræður um jafnréttismál geta gert meira ógagn en gagn ef sá sem leiðir þær hefur litla þekkingu á jafnréttismálum. Enda telja skólastjórnir sjálfir að margt megi bæta á þessu sviði, eins og vikið verður að hér á eftir. Þar koma hefðbundnar staðalmyndir kynjanna mikið við sögu meðal skólastjóra allra skólastiga.

Áhugavert er að sjá að stjórnendur á öllum skólastigunum taka kvartanir ungra stúlkna um kynferðisofbeldi, m.a. í samfélagsmiðlum, mjög alvarlega. Þeir telja að skólinn eigi að bregðast beint við og hafa sumir þegar gert það að einhverju marki en margir biðja um aðstoð og fræðslu.

Önnur rannsóknarspurningin var um viðhorf skólastjóra þriggja skólastiga til staðalmynda kynjanna, kynjajafnréttis í skólum og til kynjanna sem námsmanna í ljósi eðlishyggju og mótunarhyggju.

Viðhorfin til staðalmynda kynjanna eru mjög skýr, allir eru sammála því að mikilvægt sé að draga úr kynbundnum staðalmyndum. Enginn var ósammála eða sýndi því andstöðu, sem er áhugavert



og bendir til umburðarlyndis gagnvart breyttum staðalmyndum í samfélaginu, enda Ísland ofarlega í öllum jafnréttismælingum.

Viðhorfin til kynjajafnréttis voru skoðuð með opnum spurningum. Ítarlega er greint frá því hvað skólastjórar telja mikilvægast í jafnréttismálum, hvað þeir vilja bæta varðandi jafnréttisfræðslu í sínum skólum og hver helstu áhyggjuefni svarenda eru á sviði jafnréttismála í skólum. Athyglisvert er hve umræðan um fyrstu spurninguna er lík á öllum skólastigum, það er áhersla á að allir séu jafnir og meta þurfi menningarlegan breytileika. Einnig vekur athygli hve kyn kemur lítið við sögu frá sjónarmiði skólans. Skólastjórnarnir telja að margt þurfi að bæta en athygli vekur að leikskólastjórar virðast hafa meiri áhyggjur af stelpum en strákuum, vegna virðingarleysis og staðalmynda. Grunnskólakennarar nefndu frekar slæma stöðu drengja, að efla þyrfti samskiptafærni þeirra og sjálfstraust. Skólameistarar vilja víkka umræðuna frá kyni og kyngervi yfir á transfólk og breyta hugsanagangi bæði starfsfólks og nemenda. Áhyggjuefni leikskólastjóra tengjast einkum ókurteisi í samskiptum og ýktum skoðunum um kyn og kynjajafnrétti en þau tengjast meira forðómum, klámi, kynferðislegri áreitni og samskiptamiðlum hjá skólastjórum grunn- og framhaldsskóla. Allt eru þetta áhugaverð sjónarmið sem undirstrika þörfina fyrir fræðslu á þessu sviði að mati höfunda, bæði fyrir nemendur og kennara.

Þegar spurt var um viðhorf skólastjórnenda til þess hvort munur sé á stelpum og strákuum sem námsmönnum kom í ljós að rétt rúmur helmingur svarenda telur svo vera. Um 12% telja muninn stafa af því að kynin séu eðlisólík en um 42% að ástæðurnar séu menningarlegar. Þessar niðurstöður gefa tilefni til bjartsýni á það að skólastjórar telji að hægt sé að hafa áhrif á þennan mun. Þær eru verulega frábrugðnar nýlegum niðurstöðum sambærilegrar könnunar meðal kennaranema sem greint var frá í kaflanum um rannsóknir RannKyn á kynjajafnrétti í skólum (Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2016), þar sem eðlishyggjuviðhorf komu fram hjá um helmingi kennaranema, mæld með sömu aðferð. Ástæða er til að nýta þessi sjónarmið stjórnenda til breytinga og styrkja fræðsluna um kynjajafnrétti í skólum.

Næst var spurt hversu vel skólastjórar þriggja skólastiga teldu sig þekkja valin lykilhugtök um kynjajafnréttismál. Þekking þeirra á grunnhugtökunum jafnrétti og karlmennsku virðist vera mjög góð, en afar margbreytilegt er hvað er sett í forgrunn skilgreininga. Margir horfa mjög vítt á hugtakið jafnrétti, og sleppa því jafnvel alveg að nefna kyn, á meðan aðrir nefna kynjajafnrétti mjög ákveðið. Þessi almenni skilningur á jafnréttishugtakinu kom einnig fram í fyrri hlutum rannsóknarinnar (Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2012; Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2016). Þá sýna skilgreiningar skólastjóranna á karlmennskuhugtakinu að sumir telja einkennin takmarkast við karla en aðrir telja þau margbreytileg og óháð kyni. Því má segja að svörin endurspeglu bæði eðlishyggju og mótunarhyggju, það er að þessi einkenni séu félagslega mótuð.

Ekki er hægt að segja það sama um hugtökin kyngervi, kynjakerfi og eðlishyggju. Þekking á þeim hugtökum er áhyggjuefni að mati höfunda, en aðeins um helmingur svarenda telur sig þekkja vel hugtakið kyngervi, tæpur helmingur eðlishyggju og tæpur þriðjungur telur sig þekkja hugtakið kynjakerfi eða feðraveldi vel. Skilgreiningar sumra þeirra sýna að auki að töluvert vantar upp á skilninginn. Einkum þykir okkur alvarlegt að aðeins um 50% svarenda telja sig þekkja hugtakið kyngervi mjög eða frekar vel. Niðurstöðurnar sýna því að sumir skólastjóranna hafa takmarkaða þekkingu á grunnhugtökum kynjafraða. Þegar svo háttar er þess vart að vænta að viðkomandi skólastjórar setji kynjajafnrétti í forgang í námskrágerðinni.

Höfundar telja þekkingu og skilning á frammannefndum hugtökum afar mikilvæga svo að unnt sé að afbyggja eða breyta staðalmyndum kynjanna, sem allir stjórnendur sem svöruðu töldu mjög eða frekar mikilvægt, og teljum við að þarna þurfi að gera fræðsluáttak.

Að síðustu var spurt hve áhugasamir skólastjórar væru um að fá fræðslu um kynjajafnréttismál í skóla sína og hvaða atriði þeir teldu mikilvægust í því sambandi. Svörin benda eindregið til þess að skólastjórnarnir hafi mikinn áhuga á kynjajafnrétti og fræðslu um það fyrir nemendur, kennara og stjórnendur. Svör þeirra benda til þess að þeir hafi sérstakan áhuga á því að breyta staðalmyndum kynjanna og takast á við kyn og margbreytileika, kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni, m.a. í samskiptamiðlum. Þó að nær allir skólastjórnarnir sem svöruðu séu hlynntir því að breyta hefðbundnum staðalmyndum kynjanna, þá er lítið vitað til að það sé gert. Vissulega

breytist náms- og starfval hægt, en ekkert í gögnunum bendir til þess að skýringuna á hægfara breytingum í þeim efnum megi rekja til þeirrar reynslu að frávik barna eða fullorðinna frá hefðbundnum kynhlutverkum geti leitt til útilokunar og eineltis (Mulvey og Killen, 2015), enda búum við í jafnréttisþjóðfélagi.

Ljóst virðist að jafnréttismál eru ekki orðin sjálfstæð námsgrein í grunnskólum, heldur eru þau nefnd í tengslum við samfélagsgreinar eða lífsleikni. Höfundar telja líklegt að tengsl séu milli áhuga og óska skólastjóra um aukna fræðslu um kynjajafnrétti og eftirfarandi þátta: aukinnar kennslu í kynjafræði í framhaldsskólum; mikillar umræðu ungs fólks í samfélagsmiðlum gegn kynferðisofbeldi og aukinnar meðvitundar um kynjajafnrétti á Íslandi í kjölfar mælinga alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum, 2017).

Bent hefur verið á að margir samverkandi þættir hafi áhrif á framgang kynjajafnréttis í skólum. Á Íslandi styður t.d. lagaumhverfið jafnréttisáherslur. Viðhorf, þekking og áhugi fólks getur hvort heldur sem er stutt eða hamlað gegn slíkum áherslum og sama máli gegnir um stefnur og straua á Íslandi og erlendis.

Fram hefur komið að rekstrarlegir þættir hafi forgang umfram faglegar áherslur meðal íslenskra skólastjóra, að minnsta kosti í grunnskólum (Börkur Hansen Ólafur H. Jóhannesson og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2008). Spyrja má að hve miklu leyti áhersla skólastjóra á rekstrarlega þætti séu þeirra val. Er hugsanlegt að fyrir áhrif frá nýfrjálshyggju sé aðhald og eftirlit hins opinbera með rekstrarlegum þáttum meira en með faglegum þáttum og því „velji“ þeir að setja þá þætti í forgang umfram aðra?

Hér er um að ræða viðbót við viðfangsefni sem áður hafði verið gerð krafa um, svo sem sjálfsmat skóla, fjárhags- og umbótaáætlanir af ýmsu tagi og úrvinnsla úr starfsmannakönnunum sveitarfélaga. Öll þessi viðfangsefni eru tímafrek. Þrátt fyrir yfirlýstan vilja skólastjóra til að sinna jafnréttismálum er því óvíst að hvaða marki þeim tekst að setja þau og önnur viðfangsefni grunnþátta sex í forgang.

Tímaskortur kann einnig að ráða einhverju um lélega svörun við einstökum spurningum sem skólastjórar höfðu ekki þekkingu á og hefðu þurft að afla sér upplýsinga um. Hvoru tveggja, skortur á þekkingu og tíma hefur verið nefnt sem ástæða þess að stjórnendur sinna ekki kynjajafnréttismálum sem skyldi (Lombardo og Mergaert, 2013).

Skólastjórnir sem tóku þátt í þessari rannsókn, stefnumörkun stjórnvalda hér á landi (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2011, Jafnrétti sem einn grunnþáttur menntunar), UNESCO (2015) og margar vandaðar rannsóknir leggja áherslu á jafnréttismál og samþættingu kynjasjónarmiða í skólum. Þær áherslur virðast hins vegar skila sér hægt inn í raunverulegt skólastarf, bæði hér á landi og víða erlendis (Eygló Árnadóttir, 2009; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009; Lahelma, 2011; Younger og Warrington, 2008). Þetta þarf að kanna nánar með viðtölum við kennara. Líklegar ástæður þessa gætu verið eftirfarandi: Áherslur nýfrjálshyggju og jafnrétti stangast á. Nýfrjálshyggjan leggur áherslu á einstaklinginn en jafnrétti og félagslegt réttlæti beinist að heildinni, jöfnuði og réttlæti fyrir alla. Áherslan á kynjajafnrétti verður undir í víðara jafnréttishugtaki, einkum vegna þess að kynjajafnrétti á sér ekki hefð í skólaorðræðunni. Loks eru viðfangsefni jafnréttisfræðslu líkleg til að taka meira mið af fjölmenningu – vegna flóttamannavandans í Evrópu – en mismunarbreytum eins og kyngervi, stétt eða fötlun við núverandi aðstæður (NERA, Board panel, 2016).

Þó að 68% svarhlutfall í þessari rannsókn sé vel viðunandi aðferðafræðilega er mörgum spurningum sleppt af þátttakendum og sumir sleppa þeim nær öllum. Þetta gerir höfundum erfitt um vik að túlka niðurstöðurnar. Rannsóknir og fræðsla um kynjajafnrétti virðast stundum mæta beinni andstöðu (e. *resistance*) af ýmsum toga. Andstaðan getur birst gegn stofnanabreytingum, jafnréttishugtakinu eða einstaklingum, beint og óbeint. Hún getur líka birst með því að taka ekki þátt í fræðslu eða rannsókn, sem áður segir. Erfitt er að segja til um hvort dræm svörun var vegna vanþekkingar, annríkis eða andstöðu við viðfangsefnið. Eins og þegar hefur fram komið kann ein skýringin að vera sú að hið mikla vinnuálag sem skólastjórar búa við virki letjandi til þátttöku í viðhorfskönnunum eða að þeim finnist að of mikill tími fara í að taka þátt í könnunum frá fræðasamfélaginu. Einnig er hugsanlegt að þótt skólastjórar sýni áhuga á kynjajafnrétti í orði, þá sé áhuginn ekki að sama skapi á borði. Loks má vera að þeir telji ekki að kannanir á borð við þessa megi nýta

til þess að vinna kynjajafnrétti brautargengi í skólum. Ef síðastnefnda tilgátan er rétt undirstrikar það enn frekar það sem áður hefur verið nefnt, að gjá sé á milli fræðilegra rannsókna á sviðinu og starfsins í skólum.

## Niðurlag

Niðurstöður rannsóknar RannKyn, bæði meðal skólastjóra og kennaranema, eru ákall um breytingar í þá veru að koma til móts við mikinn áhuga á kynjajafnréttisfræðslu, styrkja þekkingu á grunnhugtökum og þróa viðhorf. Stjórnendur skóla óska eftir slíkri fræðslu inn í skólana, og hugmyndir um sérstaka vefsíðu fengu góðar undirtektir. Fræðimenn hafa lengi bent á leiðir til þess að afbyggja það félagslega mótaða kynjakerfi og staðalmyndir sem er að finna og mikilvægt er að nýta þær (Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009; Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2012; Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2016; Lahelma, 2011; Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011).

Að lokum er mikilvægt að hafa í huga að þótt nokkur áhætta kunni að felast í því að víkja frá hefðbundnum staðalmyndum kynjanna í kynjuðu þjóðfélagi, þá má ekki gefast upp gagnvart því að stuðla að kynjajafnrétti í skólum. Viðfangsefnið er flókið og viðkvæmt og því mjög mikilvægt að fræðsla fyrir kennara og skólastjórnendur sé í takt við tímann. Í grein um mat á þróunarverkefni um stelpur og stráka í takt við tímann frá árinu 1994 kom t.d. í ljós að fræðsla átta ára barna um kynhlutverk og störf leiddi til bakslags í átt að hefðbundnari hugmyndum um kynhlutverk eftir að börnin höfðu heimsótt stofnanir og orðið vitni að kynbundnum vinnumarkaði (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007, bls.61). Vonandi kemur annað í ljós núna, þegar staða jafnréttismála er orðin betri. Þetta minnir á það að mögulegt er að afbygging hefðbundinna kynjaímynda eða fræðsla um þær geti haft þveröfug áhrif. Því er mjög mikilvægt að fræðsla sé góð og ítarleg og í takt við þær sterku óskir sem komu fram í niðurstöðum þessarar rannsóknar. Vinna þarf áfram að kynjajafnrétti í skólum og í þjóðfélaginu til að það teljist eðlilegt að aðhyllast margbreytilegar hugmyndir um kvenleika og karlmennsku og staðalmyndir kynjanna hverfi.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Agócs, C. (1997). Institutionalized resistance to organizational change: Denial, inaction and repression. *Journal of Business Ethics*, 16(9), 917–931.

Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2008). „Og seinna börnin segja: þetta er einmitt sú veröld sem ég vil“ ...? *Uppeldi og menntun*, 17(2), 75–86.

Ásta Jóhannsdóttir og Ingólfur V. Gíslason. (2017). Young Icelandic men's perception of masculinities. *Journal of Men's Studies, vefútgáfa*, 1–17. Sótt af: <https://doi.org/10.1177/1060826517711161>

Berglind Rós Magnúsdóttir og Kristín Dýrfjörð. (2016). Privatization of early childhood Education in Iceland. *Research in Comparative and International Education*, 11(1), 80–97.

Bhana, D. og Moosa, S. (2016). Failing to attract males in foundation phase teaching: an issue of masculinities. *Gender and Education*, 28(1), 1–9. doi.10.1080/09540253.2015.1105934

Bloksgaard, L., Christensen, A-D., Jensen, S. Q., Hansen, C. D., Kyed, M. og Nielsen, K. J. (2015). Masculinity ideals in a contemporary Danish context. *NORA – Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 23(3), 152–169. doi.10.1080/08038740.2015.1046918

Bockman, J. (2013). Neoliberalism. *American Sociological Association*, 12(3), 14–15. Sótt af: <http://ctx.sagepub.com/content/12/3/14>. doi.10.1177/1536504213499873

Bottery, M. (1998). Professionals and policy. *Management strategy in a competitive world*. London: Cassell.

- Butler, J. (1990). *Gender trouble*. New York: Routledge.
- Börhaug, K. (2013). Care Management? The Norwegian Case. Í E. Hujala, M. Waniganayake og J. Rodd. (ritstjórar), *Researching Leadership in Early Childhood Education* (bls. 145-162). Tampere: Tampere University Press.
- Börhaug, K. og Lotsberg, D. Ö. (2010). *Barnehageledelse i endring*. Nordisk Barnehageforskning, 3(17), 79–94.
- Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2004). „Yfirfærsla grunnskólans til sveitarfélaga – valddreifing eða miðstýring?“ *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2004/007/index.htm>
- Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2008). Breytingar á hlutverki skólastjóra í grunnskólum. Kröfur, mótsagnir og togstreita. *Uppeldi og menntun*, 17(2), 87–10.
- Börkur Hansen og Steinunn Helga Lárusdóttir, (2015). Instructional leadership in compulsory schools in Iceland and the role of school principals. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 59(5), 583-603. doi: 10.1080/00313831.2014.965788
- Codd, J. (2005). 'Teachers as "managed professionals" in the global education industry. The New Zealand experience'. *Educational Review* 57(2), 193–206.
- Connell, R. W. (1995). *Masculinities*. Cambridge: Polity Press.
- Connell, R. og Messerschmidt J. W. (2005). Hegemonic Masculinity. Rethinking the Concept. *Gender & Society*, 19(6) 829-859. doi:10.1177/0891243205278639
- Court, M. (2004). 'Talking Back to New Public Management Versions of Accountability in Education'. *Educational Management Administration & Leadership*, 32(2), 171–94.
- Crompton, R. og Lyonette, C. (2005). The new gender essentialism – domestic and family 'choices' and their relation to attitudes. *The British Journal of Sociology*, 56(4), 601–620.
- Eygló Árnadóttir. (2009). Ekki benda á mig! *Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í grunnskólum* (Óútgefin meistarafræðsla). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af: <http://hdl.handle.net/1946/3593>.
- Fitzgerald, T., Youngs, H. og Grootenboer, P. (2003) 'Bureaucratic control or professional autonomy? Performance management in New Zealand schools'. *School Leadership and Management*, 23(1), 91–105.
- Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2011). Kynjakerfið og viðhorf framhaldsskólanna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/001.pdf>
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2001). Orðræður um árangur, skilvirkni og kyngervi við stjórnun menntastofnana. *Uppeldi og menntun* 10(1), 9–45.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2007). *Menntun, forysta og kynferði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2009). *Minnisblað um jafnréttisfræðslu í skólustarfi til forseta Menntavísindasviðs*. Sótt af <http://vefir.hi.is/kennaramenntun/files/2010/03/GG-jafnr%C3%A9tti-og-kennar-menntun1.pdf>
- Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2012). „Potulið“ og „setulið“: Kynjajafnrétti og kennaramenntun. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/006.pdf>
- Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Þórdís Þórðardóttir. (2016). Kynjajafnrétti og kennaramenntun: Ákall kennaranema um aukna fræðslu. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af: [http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/10\\_ryn\\_arsrit\\_2016.pdf](http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/10_ryn_arsrit_2016.pdf)

Gunnar Finnbogason. (1996). Skólustarf og markaðslögmálin. Valddreifing, aukið valfrelsi og einkavæðing. *Uppeldi og menntun*, 5(1), 63–76.

Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 3, 5–18. Sótt af [http://www.hi.is/sites/default/files/admin/meginmal/skjol/gmp\\_35\\_96\\_1\\_pb.pdf](http://www.hi.is/sites/default/files/admin/meginmal/skjol/gmp_35_96_1_pb.pdf)

Jafnréttisstofa. (2017). *Konur og karlar á Íslandi*. Reykjavík: Hagstofa Íslands og Velferðarráðuneytið. Sótt af [https://hagstofa.is/media/50332/konur\\_og\\_karlar\\_2017.pdf](https://hagstofa.is/media/50332/konur_og_karlar_2017.pdf)

Lahelma, E. (2011). Gender awareness in Finnish teacher education: An impossible mission? *Education Inquiry*, 2(2), 263–276.

Lombardo, E. og Mergaert, L. (2013). Gender mainstreaming and resistance to gender training: A framework for studying implementation. *NORA Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 21(4), 296–311. doi.10.1080/08038740.2013.851115

Lundahl, L., Arreman, I. E., Holm, A. S. og Lundström, U. (2013). Educational marketization the Swedish way. *Education Inquiry*, 4(3), 497–517. Article: 22620 Published online: 16 Sep 2013 doi.org/10.3402/edui.v4i3.22620

Lundahl, L. og Olson, M. (2013). Democracy lessons in market-oriented schools. The case of Swedish upper secondary education. *Citizenship and Social Justice*, 8(2), 201–213. doi.10.1177/1746197913483684

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010). Kynungabók. *Upplýsingar fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/mrn-pdf-namskrar/kynungabok\\_2010.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/mrn-pdf-namskrar/kynungabok_2010.pdf)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011, 8. júlí). Svar við fyrirspurn Rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun um túlkun menntamálaráðuneytisins á 25. grein grunnskólalaga 91/2008.

Mulvey, K. L. og Killen, M. (2015). Challenging gender stereotypes: Resistance and exclusion. *Child Development*, 86(3), 681–694. doi.10.1111/cdev.12317

NERA, Board panel. (2016). *The refugee situation in a Nordic context, its implications for education and its challenges to educational researchers*. Sótt af <http://blogs.helsinki.fi/nera-2016/files/2016/03/NERA-BOARD-PANEL-2016.pdf>

Ólafur Páll Jónsson. (2009). Lýðræði, réttlæti og haustið 2008. *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 183(haust), 281–307.

Paechter, C. (2007). *Being boys, being girls: Learning masculinities and femininities*. Berkshire: Open University.

Páll Skúlason. (2008). Menning og markaðshyggja. *Skírnir*, 182(vor), 5–40.

Pollack M. A. og Hafner-Burton, E. (2000). Mainstreaming Gender in the European Union. *Journal of European Public Policy, sérhefti um 'Women, Power and Public Policy'*, 7(3), 432–456.

Ratale, K. (2015). Working through resistance in engaging boys and men towards gender equality and progressive masculinities. *Culture Health & Sexuality*, 17(S2), 144–158. doi.org/10.1080/13691058.2015.1048527

Rawlings, V. (2017). *Gender regulation, violence and social hierarchies in school: 'sluts', 'gays' and 'scrubs'*. London: Palgrave Macmillan.

Schippers, M. (2007). Recovering the feminine other: masculinity, femininity, and gender hegemony. *Theory and Society* 36(1), 85–102.

Steinunn Helga Lárusdóttir. (2014). Educational leadership and market values. A study of school principals in Reykjavík, Iceland. *Educational Management Administration & Leadership*, 42(4S), 83–103. doi: 10.1177/1741143213510499

Trausti Þorsteinson og Amalía Björnsdóttir. (2016). Stjórnun og fagleg forysta í grunnskólum. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 2(12), 487–510. doi.10.13177/irpa.a.2016.12.2.14

UNESCO. (2015). *A Guide for Gender Equality in Teacher Education Policy and Practices*. Sótt af <http://unesdoc.unesco.org/images/0023/002316/231646e.pdf>

Velferðarráðuneytið. (2015). *Jafnréttisþing. Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2013–2015*. Reykjavík: Höfundur. [https://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Jafnrettiskyrsla\\_nov\\_2015.pdf](https://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2015/Jafnrettiskyrsla_nov_2015.pdf)

Weaver-Hightower, M. B. (2003). The “Boy turn” in research on gender and education. *Review of Educational Research*, 73(4), 471–498. doi.10.3102/00346543073004471

World Economic Forum. (2017). *The global gender gap report 2017*. Sótt af [http://www3.weforum.org/docs/WEF\\_GGGR\\_2017.pdf](http://www3.weforum.org/docs/WEF_GGGR_2017.pdf)

Younger, M. og Warrington, M. (2008). The gender agenda in primary teacher education in England: Fifteen lost years. *Journal of Education Policy*, 23(4), 429–445. doi. org/10.1080/02680930802054396

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið: Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VII*. Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006 (bls. 445–456). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Kynjajafnréttisfræðsla í skólum: Hindranir og tækifæri. *Netla – Ráðstefnurit Menntakviku*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/030.pdf>

Walby, S. (1990). *Theorizing Patriarchy*. Oxford: Basil Blackwell.

Walby, S. (2007). Complexity Theory, Systems Theory, and Multiple Intersecting Social Inequalities. *Philosophy of the Social Sciences*, 37(4), 449–470. doi: 10.1177/0048393107307663.

### Um höfunda

Guðný S. Guðbjörnsdóttir er prófessor við uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í uppeldisfræði frá The University of Leeds; M.Sc. í sálfræði frá University of Manchester og BA prófi í sálfræði frá Vassar College, N.Y. Rannsóknir hennar og kennsla hafa einkum beinst að menntun, jafnrétti og kynferði; kynjafræðilegri sýn á stjórnun og forystu; menntun, miðlum og menningarlæsi og að vitrænum þroska barna og ungmenna. Hún var ein af stofnendum Rannsóknarstofu í kvennafræðum árið 1991 og Rannkyn, rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun, á Menntavísindasviði árið 2010. Netfang: [gg@hi.is](mailto:gg@hi.is).

Steinunn Helga Lárusdóttir ([shl@hi.is](mailto:shl@hi.is)) er dósent við uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1975, M.Ed.-prófi í menntastjórnun frá Háskólanum í Illinois, Urbana-Champaign, árið 1982 og doktorsprófi í stjórnun menntastofnana frá Lund-

únaháskóla 2008. Rannsóknir hennar hafa einkum beinst að skólastjórnun, jafnrétti og kyngervi. Hún var formaður Rannsóknarstofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi frá 2013–2017.

### Lykilorð

Kynjafnrétti, skólastjórar, leik-, grunn- og framhaldsskólar, viðhorf, þekking, áhugi.

### About the authors

Guðny S. Guðbjörnsdóttir (gg@hi.is) is a professor of education at the University of Iceland. She holds a PhD. in education from the University of Leeds, MSc. in psychology from the University of Manchester, and BA in psychology from Vassar College, N.Y. Her research fields are mainly gender and education; leadership and gender; cultural literacies; and children's cognitive development. She was one of the founders of the Women's Research Centre at the University of Iceland in 1991, and RannKyn, the Centre for Research on Equality, Gender and Education in 2010.

Steinunn Helga Lárusdóttir (shl@hi.is) is an associate professor at the School of Education, University of Iceland. She completed an M.Ed. in educational administration from The University of Illinois in 1982 and a Ph.D. in educational administration from the Institute of Education, University of London in 2008. Her research is in the areas of school leadership and management, values, gender and equality. She was the Chairperson of The Centre for Research in Educational Leadership and Program Evaluation from 2013 to 2017.

### Key words

Gender equality education, school leaders, pre-, compulsory and upper secondary level, attitudes, knowledge, interest.



Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2017).

Hvernig er tekið á fræðslu um kynjafnrétti í skólum? Athugun á viðhorfum, þekkingu og áhuga skólastjóra þriggja skólastiga.

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/17.pdf>